

## Breytingartillaga

við frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum (tekjuöflunaraðgerðir, kjarasamningar, verðlagsbreytingar o.fl.).

Frá Lilju Mósesdóttur og Eygló Harðardóttur.

1. Á eftir a-lið 1. gr. komi nýr liður, svohljóðandi: Við 2. mgr. bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Margnota bleiur og bleiufóður sem falla undir tollskrárnúmer 9619.0091.
2. A-liður 40. gr. orðist svo: A- og c-liður 1. gr. öðlast gildi 1. maí 2013 og taka til afhendingar og útleigu hótél- og gistiherbergja og annarrar gistiþjónustu frá og með þeim degi. B-liður 1. gr. öðlast þegar gildi.
3. Á eftir 40. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

Við gildistöku laga þessara verður eftirfarandi breyting á 96. kafla tollskrár í viðauka I við tollalög, nr. 88/2005: Tollskrárnúmerið 9619.0090 skiptist upp og orðast svo:

	A	E
	%	%
– Annars:		
9619.0091 – – Barnableiur og laust bleiufóður úr öðru en pappír eða vatti, margnota	15	0
9619.0099 – – Annað	15	0

